

Nýjar kjarnfóðurlöndur á markað fyrir hámjólka kýr

PREMIUM PRO-FIT

**hámarkar fitu og prótein
fyrir hámjólka kýr**

Hjá Bústólpa hafa nú verið þróaðar og settar í sölu tvær nýjar kjarnfóðurlöndur sem ætlað er að tryggja hámarksefnamagn í mjólk, bæði fitu og prótein, um leið og nyt er hámarkuð. Með þessu fóðri eru sameinaðir kostir hefðbundinna fiskimjölsblandna Bústólpa og sérblandna sem ætlað er að vinna sérstaklega gegn lágu fituinnihaldi í mjólk.

Nafnið „Premium Pro-Fit“ (Premium-Prótein-Fita) er lýsandi fyrir fóðurlönduna sem stuðlar að auka prémíu fyrir mjólkina og vinnur að háu prótein- og fituinnihaldi samtímis.

Frá því að upp kom sú staða að verulegt magn mjólkur vantaði, og þá sérstaklega fitu, til að sinna þörfum markaðarins hefur verið leitað allra leiða til að ná aukinni nyt og aukinni fitu í mjólk með aukinni kjarnfóðrugjöf. Frá þeim tíma hafa verið reyndar hjá Bústólpa ýmsar sérblöndur sem innihalda hátt hlutfall sykkurófuhrats og einnig Megalac og Megafat húðaða fitu. Jafnhliða þessu höfum við unnið að þessum nýju fóðurlöndum sem nú eru komnar á markað.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að glata ekki þeim góða árangri sem náðst hefur í mjólkurmagni og próteininnihaldi mjólkurinnar með gjöf á fiskimjölsríkum fóðurlöndum Bústólpa. Þegar hækka á fituna er því mikilvægt að horfa til allra efnaþáttanna og mjólkurmagnsins í einu, með því móti einu ná bændur að hámarka afurðir sínar og afkomu.

Tilraunir hafa sýnt að fóðrun með kúafóðri Bústólpa sem inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli (háprótein kolmunnamjöl) gefa besta raun. Þannig hafa samanburðartilraunir sýnt að gefa þarf 10-12% meira magn af jurtaþróteinblöndum okkar til að ná sama árangri í mjólkurmagni. Þetta skiptir nú enn meira máli þegar auka á kjarnfóðrugjöf til að ná hámarks nyt þar sem augljóslega er hægt að auka gjöf af fiskimjölsblöndunum meira án þess að það valdi truflun á meltingarstarfsemi kúnna.

Við þróun blandanna hefur því sérstaklega verið horft til þess að hámarka fitu, prótein og mjólkurmagn samtímis. Við þessa vinnu hefur Bústólpi m.a. notið aðstoðar frá sérfræðingateymi Volac á Englandi og 3CF (Three Counties Feeds) sem annarsvegar eru framleiðendur húðuðu fitunnar og hinsvegar sjálfstætt starfandi teymi fóðurfræðinga.

Premium Pro-Fit fóðurlöndun er framleidd í tveimur próteinstyrkleikum:

Premium Pro-Fit 17% og Premium Pro-Fit 13%

Premium Pro-Fit inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli (háprótein kolmunnamjöl)

Premium Pro-Fit inniheldur MEGAFAT húðaða fitu (aðallega C:16)

Premium Pro-Fit inniheldur mikið magn af sykkurófuhrati

Premium Pro-Fit inniheldur lífrænt Selen og PRX Bústólpi KO steinefnapakann